

Ferðavagnatrygging

Upplýsingaskjal um váttryggingu

TM tryggingar hf. - Reykjastræti 6, 101 Reykjavík

TM

Skilmáli 232

Staðlað upplýsingaskjal um váttryggingu

Í þessu skjali finnur þú allar helstu upplýsingar um trygginguna. Vakin er athygli á því að atriði sem talin eru upp hér fyrir neðan eru ekki tæmandi listar heldur algeng og lýsandi atriði sett fram í þeim tilgangi að gefa þér góða mynd af tryggingunni í stuttu máli. Nákvæmari upplýsingar er að finna í skilmálum tryggingarinnar. Nýjustu skilmála og frekari upplýsingar um trygginguna finnur þú á [tm.is](#) og í TM appinu. Ef þú kaupir trygginguna færðu skírteini og þá skilmála sem gilda í þínu tilvik og getur þar séð nákvæmlega hvernig tryggingavernd þinni er háttað. Þú getur alltaf nálgast yfirlit yfir þínar tryggingar og iðgjöld í TM appinu.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Tjón vegna:
- ✓ eldingar,
- ✓ eldsvoða,
- ✓ áreksturs,
- ✓ áaksturs,
- ✓ veltu,
- ✓ útafaksturs eða hrops,
- ✓ grjóthruns,
- ✓ snjóflóðs úr fjallshlíð,
- ✓ skriðufalls,
- ✓ aur- eða vatnsflóðs, vatns.
- ✓ Skemmdir á ferðavagni sé honum stolið.
- ✓ Skemmdir af völdum óveðurs og foks.
- ✓ Skemmdir á ferðavagni í flutningi á skipi.
- ✓ Brot á rúðugleri.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Innbú og aðrir lausir munir.
- ✗ Tjón á hjólabúnaði og undirvagni.
- ✗ Tjón ef ökumaður hefur ekki réttindi til að aka bílnum sem dregur ferðavagn.
- ✗ Skemmdir þegar ökutæki er ekið í vatni eða sjó.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Eru einhverjar sérstakar takmarkanir?

- ! Tryggingin gildir ekki ef ferðavagn er notaður sem atvinnutæki erlendis.
- ! Óheimilt er að aka með ferðavagn á svæði þar sem varað hefur verið við akstri vegna óveðurs eða akstursskilyrða.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvar gildir tryggingin?

✓ Tryggingin gildir á Íslandi og í aðildarríkjum EES og Færeyjum í allt að 90 daga.



Hverjar eru mínar skyldur?

Tilkynna TM um tjón svo fljótt sem verða má.

Tilkynna um allar breytingar á ferðavagni sem haft geta í för með sér breytingu á áhættu.

Gæta þess að ferðavagn sé í lögmæltu ástandi og að öryggistæki séu í lagi.

Ganga frá ferðavagni þannig að honum verði ekki stolið.



Hvenær og hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

Almennt er hægt að velja um nokkrar leiðir til að greiða fyrir trygginguna, þ.e. í einu lagi við útgáfu og hverja endurnýjun, með greiðsludreifingu í netbanka eða með kreditkorti.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin gildir almennt í 12 mánuði frá því tímamarki sem getið er í skírteini og endurnýjast sjálfkrafa sé henni ekki sagt upp á því tímabili.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

Almennt er hægt að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu með skriflegri uppsögn ef þú færir þig til annars tryggingafélags eða hefur ekki lengur þörf fyrir hana. Löggjald er þó greitt fyrir þann hluta tímabilsins sem tryggingin var í gildi.